



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 25. nóvember 2024

MSS23060042

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Loftkastalann

Á fundi borgarráðs 22. ágúst 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um stöðu á máli Loftkastalans sem varðar lóðirnar Gufunesvegur 34. Þengilsbás 1 sem skipt var í tvennt. Hefur farið fram könnun á stjórnýslu Loftkastalamálsins ofan í kjölinn t.d. hlut borgarlögmanns en staðfest hefur verið að borgarstjóri óskaði eftir að hann kafaði ofan í stjórnýslu málsins frá upphafi þess ásamt ábendingum sem hafa komið frá forsvarsmönnum Loftkastalans. Spurt er hvort öll gögn í Loftkastalamálinu séu upp á borði og aðgengileg borgarfulltrúum og er hér með vísað m.a. til gagna sem sýna útfærslu á deiliskipulagi sem ber að gera skv. skipulagsreglugerð, afstöðu gatna og jarðvegs við gólfhæð 1. hæðar húsa, hæð landslags á lóðum og fleira?

Fyrirspurninni var vísað til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Svar:

Minnisblað borgarlögmanns dags. 23. september sl. um málefni Loftkastalans ehf., sem unnið var að beiðni borgarstjóra var lagt fram á fundi borgarráðs 3. október sl. Í framangreindu minnisblaði er ferill málsins rakin ítarlega og er komist að þeirri niðurstöðu að engin sérstök skylda hvíli á Reykjavíkurborg til að grípa til aðgerða til að mæta óskum/kröfum Loftkastalans ehf. um breytingar á gatnagerð á Gufunessvæðinu.

Þann 8. október 2024 var samþykkt á fundi borgarráðs að rifta kaupsamningi á milli Reykjavíkurborgar og Loftkastalans ehf. frá 16. janúar 2018 um kaup á fasteignum, lóðaréttindum og byggingarrétti í landi Gufunes. Andmælabréf vegna riftunarinnar dags. 22. október 2024 frá Málsvara-Lögmannsstofu fyrir hönd Loftkastalans ehf. barst Reykjavíkurborg 4. nóvember sl. Í framangreindu bréfi er riftun kaupsamningsins á grunni 1. og 3. mgr. 51. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002 hafnað.

Í samræmi við 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 / 2011 á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem liggja fyrir í stjórnýslu sveitarfélags vegna starfa sinna og varða málefni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík